

# Fundargerð 959. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 29. nóvember kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Berglind Eva Ólafsdóttir, Helgi Aðalsteinsson, Margrét Sigurðardóttir, Kolbeinn Guðmundsson og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Kjaraviðræður - 2406015SA**

Formaður Samninganefndar gerði grein fyrir stöðu í kjaraviðræðum við Kennarasamband Íslands og lagði fram tillögu að samkomulagi milli aðila.

*Samþykkt samhljóða að gangast að miðlunartillögu ríkissáttasemjara sem miðar að því að fresta verkföllum út janúar 2025 og að tíminn verði nýttur til að ganga frá kjarasamningnum.*

Fundi var slitið kl. 08:50